

Dreifibréf nr. 5/2002/LS

Lyfjastofnun hefur ítrekað borist ábending um að útprentaðir, **óundirritaðir lyfseðlar**, séu myndsendir í lyfjabúðir með áletrun um að þetta séu lyfseðlar sendir með rafrænum hætti.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 111/2001 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, skal útgefandi lyfseðils staðfesta ávísun lyfs með **dagsettri undirskrift sinni**. Þetta ákvæði á einnig við ef lyfseðill er myndsendur í lyfjabúð.

Lyfjastofnun vill að gefnu tilefni benda lyfjafræðingum á að þeir bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðla og að ekki sé heimilt að afgreiða lyf samkvæmt þeim, sé frágangi á lyfseðlum ábótavant, sbr. 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 91/2001.

Seltjarnarnesi 9. júlí 2002
Lyfjastofnun